

Miðvikudaginn 2. nóvember 1988.

Nr. 43/1988. Sveinn Gunnar Óskarsson

(Örn Clausen hrl.)

gegn

**Þb. Töggs hf.**

(Skarphédinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjaldþrotalög. Réttarfar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar sl. og gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum 214.596,00 krónur auk eftirfarandi vanskilavaxta: 3,6% á mánuði frá 1. október 1987 til 1. nóvember s.á., 3,8% á mánuði frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% á mánuði frá þeim degi til 1. janúar 1988, 4,3% á mánuði frá þeim degi til 1. mars s.á., 3,8% á mánuði frá þeim degi til 1. maí s.á., 3,7% á mánuði frá þeim degi til 1. júlí s.á., 4,4% á mánuði frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 4,7% á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., 4,1% á mánuði frá þeim degi til 1. október s.á., 2,8% á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en 27,6% á ári frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Til vara gerir hann þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 101.791,00 krónu auk vaxta frá 1. október 1987 til greiðsludags svo sem þeir eru sundurliðaðir í aðalkröfu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Til vara er þess krafist að áfrýjanda verði dæmd 101.791,00 króna, án vaxta, og málskostnaður látinn niður falla.

Töggur hf. sagði áfrýjanda upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. febrúar 1987 að telja. Daginn eftir var félaginu heimiluð greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Sú heimild var tvívegis endurnýjuð en rann endanlega út þann 15. júní 1987. Þann 16. s.m. var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni félags-

stjórnar. Áfrýjandi heldur því fram, að er uppsagnarfrestur hans rann út þann 1. maí 1987 hafi hann verið endurráðinn ótímabundið af þeim aðilum, sem önnuðust rekstur félagsins. Sama hafi gilt um fleiri starfsmenn. Starfsfólkinu hafi verið sagt, að í ráði væri að selja fyrirtækið og fólkið myndi halda störfum sínum.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að eftir 1. maí 1987 hafi verið mikil óvissa um framhald starfsemi félagsins. Forráðamenn þess hefðu þó verið bjartsýnir um að selja mætti það öðrum aðilum og forða því þannig frá gjaldþroti. Starfsfólk hafi því verið beðið að starfa eitthvað áfram og flestir gert það.

Hvorki áfrýjandi, fyrirsvarsmenn félagsins né heldur nokkur annarra fyrrum starfsmanna þess komu fyrir héraðsdóm og tjáðu sig um, hver starfskjör giltu hjá félaginu eftir 1. maí 1987 eða hvað sagt var um framhald fyrirtækisins. Þar sem málið er vanreifað um þessi atriði þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið með tilvísun til 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 135. gr. laga nr. 6/1978, og gefa aðilum kost á að bæta úr göllum á málalíbúnaði.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og úrskurðar að nýju.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

#### Úrskurður skiptaréttar Reykavíkur 9. desember 1987.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 1. desember 1987. Meðferð þess var endurupptekin og málið að nýju tekið til úrskurðar fyrr í dag.

Endanlegar dómröfur sóknaraðilja, Sveins Gunnars Óskarssonar, nafn-nr. 8757-4644, Jakaseli 34, Reykjavík, eru þær að við skipti á þrotabúi Töggs hf., Reykjavík, verði krafa hans að fjárhæð samtals kr. 214.596,00 tekin til greina sem forgangaskrafa. Auk þess krefst hann mánaðarlegra vanskilavaxta frá 1. október 1987 og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, þrotabúi Töggs hf., krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðilja verði algerlega hafnað og honum gert að greiða varnaraðilja máls-

kostnað að mati réttarins. Til vara krefst varnaraðili þess að krafa sóknaraðilja verði aðeins tekin til greina sem forgangskrafa að fjárhæð kr. 101.791,00 en kröfum hans hafnað að öðru leyti og að málskostnaður verði í því tilvikum látinn falla niður.

Sáttaumleitanir dómarsins hafa engan árangur borið.

## II.

Með bréfi sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík hinn 30. janúar 1987 fór stjórn Töggs hf., Reykjavík, nafnr. 8959-1902, þess á leit að félaginu yrði heimiluð greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Var fallist á þá beiðni með úrskurði réttarins uppkveðnum 2. febrúar 1987. Sú heimild var síðan framlengd tvívegis og rann út 15. júní 1987. Hinn 16. sama mánaðar var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði réttarins samkvæmt beiðni félagsstjórnarinnar.

Innköllun til skuldeheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði sem út kom 8. september 1987.

Í upphafi skiptamedferðar búsin var Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi þess, sem haldinn var hinn 12. október 1987, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Af hálfu sóknaraðilja máls þessa var tvívegis lýst kröfum í búinu. Í skrá yfir lýstar kröfur í búinu, sem tekin var til meðferðar á skiptafundinum 12. október 1987, lýsti bústjóri þeirri afstöðu til krafna sóknaraðilja að hann hafnaði viðurkenningu tiltekinna kröfuliða hans en samþykkti aðra. Þessari afstöðu var af hálfu sóknaraðilja mótmælt á skiptafundinum, og voru þau andmæli ítrekuð á skiptafundi hinn 26. október 1987 og þá ákveðinn rekstur máls þessa.

Ágreiningur málsaðilja snýst um kröfu sóknaraðilja til launa á uppsagnarfresti fyrir tímabilið 15. júní til 15. september 1987 og orlofsfjár af þeim launum. Tölulega er sú krafa sundurliðuð þannig:

Laun 15/6 - 15/9 1987	kr.	214.971,00
÷ Greitt af þrotabúinu upp í kröfuna	“	18.479,00
	kr.	196.492,00
÷ Vangreitt orlof	“	18.104,00
Kröfufjárhæð samtals	kr.	214.596,00

## III.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar í málinu á því að sér beri bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti. Samkvæmt því eigi hann rétt til launa á tíma-

bilinu frá því honum var gert að hætta störfum hjá félaginu hinn 15. júní 1987 í þrjá mánuði eða til 15. september 1987.

Sóknaraðili heldur því fram að sér hafi verið sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara hjá félaginu frá 1. febrúar 1987 að telja, en hann síðan verið endurráðinn ótímabundið af þeim aðiljum sem önnuðust rekstur félagsins á þeim tíma er félagið hafði heimild til greiðslustöðvunar. Hafi á þeim tíma þótt fyrirsjáanlegt að félagið mundi halda áfram starfsemi sinni þrátt fyrir rekstrarörðugleika. Við endurráðninguna hafi stofnast nýr uppsagnarfrestur gagnvart sóknaraðilja, 3 mánuðir.

Sóknaraðili heldur því og fram að á uppsagnarfrestinum eigi hann rétt til hliðstæðra launa að öllu leyti eins og hann hefði haft ef hann hefði unnið það tímabil hjá félaginu. Eigi hann því bæði rétt til fastra launa á tímabilinu og til sölupóknunar sem hann hafi haft og verið stór hluti tekna hans hjá félaginu.

Sóknaraðili hefur undir rekstri málsins gert þá grein fyrir kröfufjárhæðum að föst mánaðarlaun hans á umræddu tímabili hafi verið kr. 36.957,00. Síðan hafi hann reiknað sér sölulaun fyrir þessa þrjá mánuði og haft þar til viðmiðunar sölulaun sín síðasta mánuðinn sem hann starfaði hjá félaginu, sem voru kr. 34.700,00. Sé sú kröfugerð mjög hófleg þegar litið sé til þess að hann hafi að meðaltali síðustu 19 mánuði starfstíma síns hjá félaginu haft kr. 43.774,84 í sölulaun á mánuði. Svo sem ráða megi af þessum fjárhæðum hafi sölulaun verið mjög stór hluti launa sóknaraðilja. Hefði hann ekki undir neinum kringumstæðum ráðið sig til starfa hjá félaginu ef hann hefði aðeins átt að hafa kr. 36.957,00 á mánuði.

Aðalkrafa varnaraðilja er á því reist að sóknaraðilja hafi verið sagt upp störfum hjá Töggi hf. með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. febrúar 1987 og hann því átt að hætta störfum hinn 30. apríl 1987. Um mánaðamótin apríl/mái hafi verið mikil óvissa um framhald starfsemi félagsins. Forráðamenn félagsins hafi þó verið bjartsýnir um að hægt yrði að selja fyrirtækið öðrum aðiljum og forða því þannig frá gjaldþroti. Starfsfólk hafi því verið beðið um að starfa eitthvað áfram, sem flestir hafi gert. Eftir 1. maí hafi menn nánast verið ráðnir frá viku til viku eða frá mánuði til mánaðar. Enginn starfsmanna hafi verið endurráðinn, en flestir haldið áfram á þessum grundvelli í þeirri von að úr mundi rætast um reksturinn og að þá yrði hægt að endurráða þá.

Varnaraðili tekur fram að þegar tekin hafi verið afstaða til launakrafna í búið hafi sú ákvörðun verið tekin að samþykktar voru kröfur starfsmanna félagsins um laun til loka júnímánaðar. Hafi sóknaraðili þá sérstöðu meðal fyrrverandi starfsmanna félagsins að hann einn geri kröfu til launa á endurnýjuðum uppsagnarfresti en aðrir hafi fallist á fyrrgreinda ákvörðun búans.

Varakrafa varnaraðilja er á því reist að sóknaraðili eigi ekki rétt á að reikna inn í launakröfu sína áætlaða sölubóknun á uppsagnarfrestinum. Fallist rétturinn á að sóknaraðili eigi rétt til launa fram yfir 30. júní 1987 beri aðeins að taka til greina hin föstu laun frá 1. júlí til 15. september 1987, kr. 92.395,00 auk orlofsfjár, kr. 9.396,00, eða samtals kr. 101.791,00. Sóknaraðili geti ekki á óunnum uppsagnarfresti átt rétt til sölulauna eins og þeirra sem hann hafi haft í starfi sínu hjá Töggi hf. Slík sölulaun séu einhvers konar bónusgreiðslur tengdar árangri hans við sölu. Á þeim tíma sem hér um ræðir hafi sóknaraðili ekki selt neitt fyrir Tögg hf. og eigi því ekki rétt til slíkrar bóknunar úr þrotabúi félagsins. Telur varnaraðili ekki skipta neinu máli í þessu sambandi hvort umrædd sölulaun hafi verið stór eða lítill hluti launa sóknaraðilja á þeim tíma er hann starfaði hjá Töggi hf.

#### IV.

Enginn tölulegur ágreiningur er með aðiljum í máli þessu.

Óumdeilt er að sóknaraðilja og öðrum starfsmönnum Töggs hf. var sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 1. febrúar 1987 að telja. Ekki er heldur um það deilt að flestir starfsmanna félagsins unnu áfram í þágu þess um tíma eftir að uppsagnarfresturinn rann út. Hins vegar er ágreiningur um það með málsaðiljum með hvaða hætti var staðið að ráðningu sóknaraðilja til starfa á því tímabili sem í hönd fór við lok uppsagnarfrestsins og fram til þess er félagið hætti starfsemi.

Sóknaraðili hefur ekki haldið því fram að hann hafi verið ráðinn á öðrum forsendum eða á öðrum kjörum hvað þetta atriði snertir heldur en aðrir starfsmenn félagsins. Hann hefur heldur ekki mótmælt þeirri staðhæfingu varnaraðilja undir rekstri málsins að allir aðrir starfsmenn félagsins á þessum tíma hafi talið sig vera á tímabundnum vinnusamningi við félagið á hinu umdeilda tímabili. Í ljósi þessa og þar sem ekkert er upplýst í málinu annað en að framan greinir um ráðningu sóknaraðilja til starfa hjá Töggi hf. eftir 1. maí 1987 þykir sóknaraðili ekki hafa leitt að því haldbær rök að hinn 16. júní 1987 hafi vinnusamningi hans við Tögg hf. verið þannig háttað að hann hafi vegna fyrirvaralausra slita samningsins átt rétt til launa hjá félaginu eða þrotabúi þess næstu þrjá mánuði. Samkvæmt því verður að hafna öllum kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu. Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðilja í máli þessu, Sveins Gunnars Óskarssonar, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.